

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Blönduóshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

1. júlí.

Nr. 110.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

2. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Atvinnuleyfin skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal einn þeirra tilnefndur af Bifreiðastjórafélaginu Frami, einn af borgarstjóranum í Reykjavík, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar, og skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af honum og formanni Bifreiðastjórafélagsins Frami. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

2. gr.

C-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef leyfishafi deyr, getur stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frami heimilað að ekkja hans haldi atvinnuleyfinu, að fengnum nauðsynlegum upplýsingum þar að lútandi að dómi stjórnarinnar, enda sé bifreiðarstjórinn meðlimur í Bifreiðastjórafélaginu Frami.

3. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svohljóðandi:
d. Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frami getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega.

4. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Baldurssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. júlí 1963. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Baldurssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Baldurssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af ekkju Aðalsteins, frú Önnu Sigmundsdóttur, Brekkugötu 10 á Akureyri, föður hans, Baldri Árnasyni vélstjóra á Húsavík og frændum og vinum hins látna, en hann var vélstjóri á v/b Maí TH 194 frá Húsavík, sem fórst 21. október 1959 með áhöfn.

Var Aðalsteinn ungur fjölskyldumaður, vinsæll og vel metinn.

3. gr.

Sjóðurinn skal rekinn í tengslum við björgunarsveit S.V.F.Í. á Tjörnesi, en hún ber nafn Aðalsteins. Skal tilgangur sjóðsins vera að styrkja ekkjur og börn druknaðra sjómanna úr Þingeyjarsýslum, þar sem þörf er brýnust að dómi sjóðstjórnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera ágóði af sölu minningarspjalda, áheit og gjafir.

5. gr.

Stjórn björgunarsveitarinnar á Tjörnesi skal tilnefna menn í stjórn sjóðsins og endurskoðendur.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.